Tillögur frá Bárunni til 29. aðalfundar LS 2013

1. Vegna þess að makrílstofninn er stærri en áætlað var í upphafi árs 2013 leggur Báran til að færaveiðar á makríl verði gefnar frjálsar frá 20. júlí til 30. september.

2. Báran leggur til að heildarpottur á strandveiðum verði aukinn um 30% og veiðitímabil verði frá 1. mars til 30. júní á **D** svæði.

3. Báran leggur til að ýsukvótinn verði aukinn um 30% í krókaaflamarki.

4. Báran leggur til að síldveiðar í lagnet verði leyfðar á krókaaflamarksbátum.

5. Báran styður hvalveiðar.

6. Báran mótmælir lúðuveiðibanni.

7. Báran leggur til að LS styðji við bakið á frumkvöðlastarfsemi í útgerð smábáta og beiti sér fyrir því að framlag minni útgerða sé að fullu metið við brautriðjendastarf við veiðar á nýjum og vannýttum tegundum. Jafnframt að LS beiti sér fyrir bættri samkeppnisstöðu minni útgerða og smábáta við frumkvöðlastarf og viðurkenni og verji hagsmuni frumkvöðla komi til takmarkana á veiðum þegar frumkvöðlar hafa skapað ný tækifæri fyrir smábáta.

Báran,

félag smábátaeigenda Garðabær – Hafnarfjörður

Samþykkt á aðalfundi 28. september 2013